

Flökkusagnir samtímans fjalla margar um kímilegar uppákomur og skarast þannig við brandara og skopsögur. Eitt af því sem notað er til aðgreiningar er hvort vísað er til atburða sem sannleika eða skáldskapar. En stundum dugar sú aðgreining ekki til; margar flökkusagnir bera öll einkenni brandara enda megin-tilgangurinn að vekja kátínu og hlátur.

## Köttur í bóli bjarnar

*Kona nokkur var í Kringlunni að versla og ákvað að fá sér kökusneið og kaffi á Myllunni. Þegar hún var sest við borðið og ætlaði að fara að gæða sér á veitingunum, uppgötvaði hún að hún hafði gleymt veskinu sínu við afgreiðsluborðið og fór því og sótti það. Þegar hún sneri aftur brá henni heldur betur í brún því að maður var sestur við borðið hennar og var að stinga upp í sig bita af kökunni. Konan ákvað að láta þetta ekki yfir sig ganga og settist með ískaldan svip við borðið og fékk sér líka bita. Maðurinn leit á hana og fékk sér annan bita. Þannig sátu þau í fjandsamlegri þögn og fengu sér bita til skiptis þar til kakan var búin. Þá stóð maðurinn upp og fór. Konunni varð þá litið yfir á næsta borð og sá kápuna sína á stólbakinu og kökuna og kaffið ósnert á borðinu.*

Þessi sögn naut mikilla vinsælda hér á landi fyrir um tíu árum, skömmu eftir að Kringlan var opnuð. Hún virðist vera að öðlast nýtt líf um þessar mundir með þeirri breytingu að maður af erlendum uppruna hámar í sig matinn.

Sögnin á rætur að rekja til Bretlands. Breski rithöfundurinn Douglas Adams segir frá þessum viðburði í einni skáldsögu sinni, *So Long, and Thanks for All the Fish*. Hann hefur einnig sagt söguna við ýmis tækifæri og þá fullyrt að þetta hafi komið fyrir hann sjálfan á lestarstöð í Cambridge 1976. Margir efast um að það sé rétt, þar sem vitað er að sagan var komin á kreik í Bretlandi strax í kringum 1970, og var þá söguviðið yfirleitt járnbrautarstöð eða umferðarmiðstöð:

Roskin kona, sem var að ferðast með rútu, þurfti að bíða eftir bifreiðinni. Hún keypti sér pakka af Oreo-kexi í sjálfsala og settist síðan. Hún setti kexpakkann á borðið og fór að lesa dagblað. Ungur maður settist við sama borð og henni til mikillar furðu opnaði hann kexpakkann og fékk sér kex. Konan sagði ekki neitt en sendi honum ískalt augnaráð og fékk sér kex. Ungi maðurinn leit á hana kímileitur og fékk sér annað kex. Konan leit aftur illilega á hann og fékk sér annað kex. Ungi maðurinn fékk sér í þriðja sinn og bauð konunni síðustu kexkökuna. Sárhneyksluð hrifsaði hún kexið af honum og hann fór við svo búíð. Bálreið lagði hún blaðið frá sér og uppgötvaði þá að kexpakkinn hennar lá óopnaður á borðinu fyrir framan hana.

Í sumum afbrigðum er lögð áhersla á að maðurinn sé yngri en konan. Þá er algengt að hinn meinti þjófur sé blökkumaður, Indverji, Asíubúi eða einfaldlega ræfill. Í þeim tilvikum birtir sögnin fordóma gagnvart fólki af öðrum kynþætti eða utan-garðsmönnum en snýr síðan upp á þá fordóma með því að láta þjófinn vera saklausan. Sagan bregður jafnframt upp mynd af venjulegu fólki í óvenjulegum aðstæðum og hvetur okkur til að hugsa áður en við framkvæmum.

Í einu tilvikum hef ég heyrt söguna persónugerða. Heimildar-maður var 32 ára kona:

Ég var á Kaffi París um daginn og sat bara og var búin að panta mér kaffi og þá kemur þarna einhver karlmaður, einhver svona útlendingur og spyr hvort hann megi ekki setjast hjá mér og það var nú alveg sjálfsagt. Nú, svo kemur kaffið og við sitjum þarna en svo fer ég á klóid og þegar ég kem upp þá situr hann þarna ennþá og er hann ekki að hakka í sig Snickersið mitt, helvítið. Ég varð sko frekar brjáluð. Maður lætur nú ekki vaða svona yfir sig og ég bara ríf af honum Snickersið og æði út, alveg foxill. Svo er ég eitthvað að leita að lyklunum mínum ofan í töskunni minni og þá finn ég Snickersið mitt.

Hún viðurkenndi reyndar að þetta hefði ekki komið fyrir hana í raun og veru, heldur hefði henni verið kennt að segja söguna á þennan hátt.